

GJALDSKRÁ

fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald vegna söfnunar, förgunar, móttöku og flokkunar á sorpi í sveitarfélaginu samkvæmt 7. grein samþykktar um söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

2. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur ákveðið að sorpgjald í þéttbýli á hvert heimili verði kr. 12.500 og kr. 5.500 á hvert heimili í dreifbýli Borgarbyggðar. Auk þess hefur bæjarstjórn ákveðið að sorpgjald frístundahúsa verði kr. 4.500.

Fyrir hvert aukasorpilát í þéttbýli skal greiða gjald vegna söfnunar og förgunar á sorpi kr. 6.000.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá vegna móttöku- og flokkunarstöðvar í Borgarnesi (gámastöðvar) skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn. Gjaldskrá vegna þessa liðar skal taka breytingum í takt við lið 08. Vélavinna og akstur í byggingavistölu fjölbýlishúss um hver áramót. Nedangreind verð miða við grunnvísitölu 293,7.

	kr.
Brotmálmar:	1.100 per m ³
Brotmálmar:	4.400 per tonn
Farartæki (Losun á olíu, eldsneyti og kælivökva):	5.500 per stk.
Timbur:	660 per m ³
Grófur úrgangur (Grjót, gler, garðaúrgangur, jarðvegur o.s.frv.):	600 per m ³
Pappír (Ekki bylgjupappi):	1.600 per m ³
Dekkjaúrgangur (Skorin dekk 50% af gjaldi fyrir heil dekk):	4.850 per m ³
Blandað pressanlegt sorp:	1.650 per m ³

Í ofangreindri gjaldskrá er reiknað með að komið sé með flokkað sorp á gámastöðina. Ef ekki er forflokkað greiðist 20% álag á ofangreint verð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar getur gefið út klippikort með eða án afsláttar vegna gjaldheimtu á ofangreindri þjónustu.

Íbúar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af úrgangi frá heimilum í einu án þess að greitt sé fyrir.

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun á úrgangi á gámastöðinni.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 978/2000 fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

Borgarnesi, 1. janúar 2002.

Stefán Kalmansson bæjarstjóri.